

## Greinargerð vegna umsagnar á auglýsingatíma vegna starfsleyfistillögu fyrir olíubirgðastöð Atlantsolíu ehf. í Hafnarfirði

### -Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Atlantsolía ehf. óskaði eftir starfsleyfi til áframhaldandi starfsemi olíubirgðastöðvar að Óseyrarbraut 23 í Hafnarfirði. Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi á tímabilinu 24. nóvember 2015 til 19. janúar 2016. Athygli Hafnarfjarðarbæjar, heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis og Atlantsolíu ehf. var vakin á tillögunni sérstaklega með bréfi. Þá var auglýst í Lögbirtingablaði, staðarblaði og á heimasíðu Umhverfisstofnunar að tillagan væri komin fram.

Umhverfisstofnun hefur borist umsögn við starfsleyfistillöguna frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Gerðar voru ýmsar almennar athugasemdir og athugasemdir við einstök ákvæði starfsleyfistillögunnar.

- Í inngangi er rætt um að formlegt svar við fyrirspurn hafi ekki borist við tölvupósti sem barst á netfang Umhverfisstofnunar 8. desember 2015. Vísað var til þess að í starfsleyfistillögunni væru kröfur um mun minni olíuþró utan um tanka en í eldra leyfi og var því óskað upplýsinga um hvort breytingar hafi verið gerðar á stöðinni sem HHK væri ekki kunnugt um.
  - Þann 11. desember 2015 var tölvupósti þessum svarað fyrir hönd Umhverfisstofnunar með tölvupósti. Það var þó ekki sérstaklega tekið á því í tölvupóstinum hvort einhverjar breytingar hafi verið gerðar á stöðinni. Tekið skal fram að ekki hafa nýlega verið gerðar neinar grundvallarbreytingar á stöðinni.
- Krafa er gerð um að ákvæði síðasta starfsleyfis stöðvarinnar um lekavörn verði óbreytt og gagnrýnt að í starfsleyfi sé klausa þar sem komi fram að Umhverfisstofnun hefur heimild til þess rýmd lekavarnar megi minnka niður í 60% af rýmd stærsta geymis ef tiltæk er aðgengileg flotgirðing. Þá er farið fram á upplýsingar um þróarrými í stöðinni með hliðsjón af stærsta geymi.
  - Í endanlega útgefnu starfsleyfi er ekki getið um heimild til að minnka rýmd lekavarnar. Þessi klausa er óþörf þar sem það er ekkert sem bendir til þess að nota þurfi þessa heimild. Það breytir þó ekki því að reglugerðin sem slík gefur heimildina.
  - Umhverfisstofnun hefur reiknað út þróarrýmið út frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir. Þróarrýmið í stöðinni mun vera um það bil 103% fyrir díselgeymana. Fyrir bensíngeyminn er þróin um það bil 111%.
- Athugasemd er gerð um að umhverfisábyrgð við löndun eldsneytis þurfi að vera skýr. Vísað er á fyrri viðbrögð að vegna orðalags í starfsleyfistillögu um að verktakar gætu annast verk, hafi einnig vaknað spurningar sem sendar voru með bréfi 8. desember s.l. til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins en Umhverfisstofnun fékk afrit af þeim spurningum án þess þó að erindi væri beint til stofnunarinnar. Í umsögninni núna er

hins vegar útskýrt að málið af hálfu HHK varði eingöngu að skýrt sé hvar umhverfisábyrgðin liggur.

- Umhverfisstofnun sendi HHK skýringar á málinu í áðurnefndum tölvupósti 11. desember s.l. og benti stofnunin á að fengur yrði að tillögu um hvernig textinn gæti verið skýrari.
- Sá texti sem hér um ræðir var svona í grein 1.1: „Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt.“ Greinin hefur nú verið yfirfarin með tilliti til þess að minnt sé á að rekstraraðili beri umhverfisábyrgðina og er svona í útgefnu starfsleyfi: „Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi til að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt og ber umhverfisábyrgð sbr. gr. 1.9.“. Það ætti því að vera skýrara núna hvar umhverfisábyrgðin liggur. Hún er hjá rekstraraðila. Það var einmitt tilgangur greinarinnar að það kæmi skýrt fram að ábyrgðin væri leyfishafans, þegar verk eru útvistuð.
- Varðandi löndunina kom einnig fram sú skoðun að ákvæði þar um séu rýr í starfsleyfistillögunni. Ákvæði þar um hafi lítið upplýsingagildi fyrir starfsfólk Atlantsólú ehf. en einnig fyrir almenning, starfsfólk nærliggjandi fyrirtækja, hafnarstarfsmenn og bæjaryfirvöld.
  - Í grein 3.8 er fjallað um löndun og kveðið á um að verklagsreglur séu um allar tengingar og hvernig tryggja eigi að olía sleppi ekki í umhverfi og um þrýstiprófanir er fjallað í grein 4.3.
  - Í áðurnefndum tölvupósti frá 11. desember s.l. var lýst áhuga á að skoða mögulegar tillögur um nánari ákvæði um löndun. Slíkar tillögur bárust ekki frá HHK.
  - Stofnunin hefur jafnframt skoðað hvert tilefni kunni að vera til að kveða nánar á um þetta atriði. Umhverfisstofnun fór því yfir verklagsreglur um löndun fyrir Atlantsólú sem bárust árið 2011. Þann 17. október það ár var sent bréf sem nánar lýsti verklaginu. HHK fékk afrit af því bréfi. Helsta umfjöllunarefni verklagsreglnanna er hvernig á að bregðast við því að vegna lágrar legu dekkis á bryggju er ógerlegt að koma fyrir olíuskilju við olíuþróna. Í stað skilju eru því settar reglur um tæmingar og verklag sem eiga að tryggja að þetta komi ekki að sök.
  - Í grein 3.8 er nú ítarlegri umfjöllun um kröfur vegna löndunar. Tekið er fram að útbúnaður skuli vera á bryggjunni til að koma í veg fyrir olíuleka í sjó. Einnig er kveðið á um að í verklagsreglum sé fjallað um umgengni og viðhald á útbúnaðinum.
  - Einnig er rétt að geta þess að haft var samband við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins um endanlegan texta greinar 3.8 en eftir skoðun hennar gerði SHS ekki neinar athugasemdir.
- Athugasemd er gerð við orðalag um umfang starfsemi í grein 1.2. Í tillögu Umhverfisstofnunar kemur fram orðalagið að „... heimilt er gegnumstreymi bensíns í stöðinni umfram 5.000 tonn á ári.“ Sagt er að orðalagið sé óskýrt.

- Textanum hefur verið breytt í samræmi við þessa ábendingu og nú kemur skýrt fram að heimilt er ótakmarkað gegnumstreymi bensíns. Þess skal getið að ef heimilað er meira gegnumstreymi bensíns en 5.000 tonn á ári fer olíubirgðastöð í eftirlitsflokk 2 en annars í eftirlitsflokk 3.
- Gerð er athugasemd við grein 2.5, um áhættumat og viðbragðsáætlun, hvað nokkur atriði varðar. Vakin er athygli á markið laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir en það er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðu umhverfi. Bent á að olíuskipin leggist við löndun við akkeri út af hafnarmynninu skammt frá þéttbýlu íbúðahverfi. Þá er bent á að olíubirgðastöðin er staðsett skammt frá fjölmennum vinnustöðum. Einnig er rætt um olíuflutninga í athugasemdinni og leiðir olíubifreiða sem liggja um íbúðahverfi. Ekki er lagst gegn því að áhættumat og viðbragðsáætlun taki mið af mengun hafsvæða og stranda eða nærliggjandi fólkvangs er nýtur friðlýsingar. HHK telur að staðsetningin sé viðkvæm vegna þessara atriða og telur enn frekar að hún kalli á aðrar áherslur.
  - Umhverfisstofnun tekur undir ábendingar um að taka verður mið af staðsetningu starfsmannar hvað varðar markmið um heilnæm lífsskilyrði og ómengið umhverfi sem og nálægð við friðlýst svæði.
  - Útfærsla starfsleyfissins í heild miðar að markmiðum laga nr. 7/1998 .
  - Athygli er vakin á því hvað löndunina varðar að verkfræðistofan Mannvit gerði áhættumat árið 2011 sem bar heitið „Löndunarbyggja fyrir eldsneyti í Hafnarfjarðarhöfn Áhættumat“. Í þeirri skýrslu var ítarlega greint frá löndun eldsneytis og gert áhættumat.
  - Atlantsóla hefur skilað viðbragðsáætlun sem byggt er á áhættumatinu.
  - Rétt er að skýra frekar hvernig grein 2.5 kemur til: Ákvæði í starfsleyfi sem varða áhættumat og viðbragðsáætlun fela að lágmarki í sér skilyrði sem tilgreind eru í IV. kafla laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafsvæða og stranda. Vegna fólkvangsins hefur Umhverfisstofnun lögbundið hlutverk og stofnunin minnir á það í starfsleyfinu að tekið er mið af nálægð við hann í þessari áætlanagerð, enda snýr málið beint að bráðamengun.
  - Akstur olíubifreiða er ekki hluti af starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Um þetta svið gilda reglugerðir um flutning á hættulegum varningi á vegum, svokallaðar ADR-reglur.
- Mótmælt er setningu í grein 3.12 í starfsleyfinu um að „Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila..“ skuli „...ekki fara yfir 70 dB(A)LAeq á iðnaðarsvæði og einnig...“ skuli „...hávaði vera undir öðrum mörkum í reglugerðinni eftir því sem við á (sbr. 5. gr. reglugerðarinnar).“ Tvenn rök eru tilgreind fyrir þessum mótmælum; í fyrsta lagi að fyrri hluti greinar 3.12 nægi og í öðru lagi að birgðastöðin er á hafnarsvæði en ekki á iðnaðarsvæði.
  - Mikilvægt er að umfjöllun um hávaða sé skýr þannig að sjá megi af leyfinu hvaða mörk séu í gildi.
  - Tekið er undir að orðið „iðnaðarsvæði“ sé ónákvæmt. Orðalaginu hefur verið breytt og í stað orðsins „iðnaðarsvæði“ kemur „athafnasvæði“, enda eru umrædd hávaðamörk miðuð við iðnaðarsvæði og athafnasvæði.

- Gerð er athugasemd við vöktunarfyrirkomulag í frárennsli, þar sem það er breytt frá fyrra starfsleyfi.
  - Kröfuna um mælingu á olíu í fráveituvatni á þriggja ára fresti ber að skilja í samhengi við grein 3.9 sem vitnað er í fyrsta punkti í grein 4.3. Þá er bæði átt við hámark olíu í frárennsli en ekki síður yfirferð á sex mánaða fresti.
  - Olíuskiljur eru annars vegar ætlaðar til þess að taka við smávægilegum leka sem getur orðið í starfseminni frá degi til dags og hins vegar til þess að taka við olíuleka vegna óhappa. Hönnun á skilju er þannig á hún skili frárennsli undir 15 mg/kg. Olíuskiljur eru gerðarprófaðar skv. ÍST EN 858. Krafa sem kemur fram í grein 3.9 er að kanna virkni olíuskilju á sex mánaða fresti og tæma hana ef olía er meira 25% af rúmtaki olíurýmis. Þessi krafa er mikilvægasta atriðið í sambandi við það að vera í viðbragðsstöðu gagnvart olíumengun í frárennsli enda þarf að vera pláss í skiljunni fyrir mögulegt olíuóhapp. Ef allt er í lagi í stöðinni og hún er óhappalaus mun líða langt á milli þess að olíuskilju þurfi að tæma. Til enn frekari staðfestingar um virkni skiljunnar er svo ákvæðið um mælingu á þriggja ára fresti í fráveituvatninu.
  - Ef aðstæður breytast á verri veg mun stofnunin taka til athugunar að beita grein 2.9 í starfsleyfinu sem kveður á um að eftirlitsaðili geti farið fram á tíðari mælingar.
  
- Minnt er á að vinnuhópur er að undirbúa nýja reglugerð sem ætlað er að koma í stað þeirrar sem nú er í gildi um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Í umsögninni segir að Umhverfisstofnun mætti líta til þeirrar vinnu þegar unnið er að endurnýjun þessa starfsleyfis, einkum er varðar áformaðar kröfur um olíubirgðastöðvar og dreifingar eldsneytis.
  - Umhverfisstofnun tekur mið af gildandi reglum við útfærslu ákvæða starfsleyfis.
  - Þegar nýjar reglur taka gildi, ganga þær almennt framár ákvæðum starfsleyfis. Einnig er heimilt að endurskoða starfsleyfi ef þörf krefur vegna nýrra reglna um mengunarvarnir.